

**IS**

**IS**

**IS**



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, XXX

Drög

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDARSTJÓRNARINNAR (EB) Nr.../2009**

**frá [...]**

**um breytingar á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfsvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

**(Texti sem viðkemur EES)**

Drög

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDARSTJÓRNARINNAR (EB) NR.../...**

**frá**

**um breytingar á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfivottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

**(Texti sem viðkemur EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sérstaklega grein 80 (2),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningssflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB,<sup>1</sup> einkum gr. 5(5),

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Til að viðhalda miklum gæðum og einsleitni í flugöryggi í Evrópu er nauðsynlegt að koma á breytingum á kröfum og ferlum er varða vottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, einkum til að koma aftur á samkvæmni í ákvæðum um grundvöll vottunar varðandi tegundarvottorð og breytingar á tegundarvottorðum með því að bæta við möguleikanum á því að kjósa að fylgja seinni tíma stöðlum einnig varðandi breytingar.
- (2) Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 skal því breytt til samræmis.
- (3) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu<sup>2</sup> sem gefið var út af Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd „Stofnunin”) í samræmi við greinar 17(2)(b) og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (4) Þær aðgerðir sem eru tilgreindar í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með gr. 65 reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

*1. grein*

Reglugerð (EB) 1702/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1. Viðaukanum (Lið-21) skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.

<sup>1</sup> OJ L 79, 19.03.2008, bls.1

<sup>2</sup> Álit 01/2009 um „Möguleikann á frávikum frá lofthæfisreglum þegar um er að ræða hönnunarbreytingar”.

## 2. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar*

## VIÐAUKI

1. Viðaukanum (Lið-21) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er breytt sem hér segir:
  - (1) í lið 21A.17, skal lið (a) skipt út fyrir eftirfarandi texta:
    - (a) Grundvöllur tegundarvottunar sem tilkynna skal um varðandi útgáfu tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal fela í sér:
      1. Viðeigandi lofthæfisreglur sem settar eru af Stofnuninni og eru í gildi á umsóknardegi vottorðsins, nema:
        - (i) Annað sé tekið fram af Stofnuninni, eða
        - (ii) Umsækjandi kjósi að fylgja vottunarforskriftum samkvæmt breytingum sem öðlast gildi síðar, eða slíks er krafist samkvæmt málsgreinum (c) og (d).
      2. Öll sérstök skilyrði sem kann að vera krafist í samræmi við 21A.16B(a).
  - (2) í lið 21A.17, skal lið (d) skipt út fyrir eftirfarandi texta:
    - (d) Ef umsækjandi kýs að fylgja vottunarforskriftum breytingar á lofthæfisreglum sem tekur gildi eftir að umsókn um tegundarvottorð hefur verið lögð fram skal umsækjandinn einnig fylgja öllum öðrum vottunarforskriftum sem Stofnunin kann að telja að tengist breytingunni á beinan hátt.
  - (3) í lið 21A.101, skal lið (a) skipt út fyrir eftirfarandi texta:
    - (a) Aðili sem sækir um breytingu á tegundarvottorði skal sýna fram á að hin breytta framleiðsluvara samræmist kröfum lofthæfisreglnanna sem gilda um breyttu framleiðsluvöruna og eru í gildi á þeim degi sem sótt er um breytinguna, nema umsækjandi kjósi að fylgja vottunarforskriftum samkvæmt breytingum sem öðlast gildi síðar, eða slíks er krafist samkvæmt málsgreinum (e) og (f), og viðeigandi umhverfisverndarkröfum samkvæmt 21A.18.
  - (4) við lið 21A.101 skal bæta við nýjum lið (f) svohljóðandi:
    - (f) Ef umsækjandi kýs að fylgja vottunarforskriftum breytingar á lofthæfisreglum sem tekur gildi eftir að umsókn um breytingu á tegund hefur verið lögð fram skal umsækjandinn einnig fylgja öllum öðrum vottunarforskriftum sem Stofnunin kann að telja að tengist breytingunni á beinan hátt.